

Hugskot: Besta bókin

Friðbjörg Ingimarsdóttir og Gunnar Hersveinn. (2016). *Hugskot: Skamm-, fram- og víðsýni*. Reykjavík: Iðnú.

„Samfélagið er allt í ruglinu“, sagði nemandi minn í kynja- og jafnréttisfræðslu í blaðaviðtali um árið. Þarna vísaði nemandinn til þess sem hann uppgötvaði þegar hann fór í markvissa rýni á samfélag sitt – með kynjagleraugum. Það er hægt að færa rök fyrir því að heimurinn sé allur í ruglinu, svo notað sé orðfæri nemandans. Ruglið má rekja til ákvarðana, mótunar, misréttis, forréttindablistu, valdabaráttu, hroka og aðgerðaleyfis – svo eitthvað sé nefnt.

Menntakerfið gegnir lykilhlutverki í öllum samfélögum. Þar eru viðhorf og gildi mótuð bæði á beinan og óbeinan hátt. Skólakerfið í heild sinni er hluti af vandanum – hvað ruglið varðar – og getur verið hluti af lausninni, verður að vera hluti af lausninni. Undirrituð fullyrðir að jafnrétti muni aldrei nást án kerfisbundinnar aðkomu skólakerfisins. Dæmi um þetta er kynjajafnrétti, við lærum verðmætamat í skólanum, við lærum hugmyndir í skólanum – um okkur sjálf og aðra. Skakkri mynd af kynjunum er viðhaldið í skólanum – í samskiptum, í námsgögnum, í viðhorfum, í þögninni um vandann. Þessi skakka mynd hefur svo áhrif á sjálfmynd nemenda, viðhorf þeirra til hvers annars, væntingar þeirra, vonir þeirra, drauma og hugmyndir þeirra um vald.

Það þykir ef til vill djarft að fullyrða að ef eitthvert eitt svar er til við ofangreindu rugli, þá gæti það verið bókin sem hér er til umfjöllunar – *Hugskot*. „Gagnrýninn borgari leitar og sýnir viðleitni til að skapa farsæld á jörðu án kúgunar og ofbeldis, án illgresis. Hann hefur ímugust á þvælu og blekkingu“ (bls. 11–12). Þetta lýsir markmiði bókarinnar – en lýsir þetta ekki líka lausninni á ruglinu? Höfundar lýsa vandanum og koma fram með hugmyndir að lausnum.

Markmið bókarinnar er að efla gagnrýna hugsun, og það er grundvöllur þess að fólk vakni til vitundar, skilji umhverfi sitt og bregðist við því á ígrundaðan, upplýstan hátt. Það er líka markmið bókarinnar að upplýsa lesandann um grundvallaratriði í mannlegri tilveru, eins og staðalmyndir um allt mögulegt, fordóma, jafnrétti, friðarmenningu, borgarvitund og ekki síst valdatengsl. Höfundum tekst einkar vel að tengja þessi stóru hugtök og setja í samhengi þannig að skýr heildarmynd birtist lesandanum.

Bókin er tiltölulega auðveld aflestrar og krefst ekki forþekkingar lesandans á umfjöllunarefnum, hann getur verið algjör byrjandi en einnig lengra komin í fræðunum og hvort heldur sem er haft bæði gagn og gaman af lestrinum. Höfundar brjóta upp lipran og auðskilinn textann með dæmum eða frásögnum úr daglega lífinu, fjölmiðlum eða tilvitnunum

í aðra höfunda og það kryddar textann, dýpkar hann og varpar skýrara ljósi á umfjöllunar-efnið. Þetta tekst virkilega vel. Það er í raun ekki ein einasta dauð eða leiðinleg blaðsíða í þessari bók, hún er yfirfull af visku, fróðleik, ígrundun og svo fallelgri sýn að ekki er annað hægt en að hrífast með.

Notagildi bókarinnar er margþætt. Fyrst og fremst er hún mjög gagnleg fyrir kennara á öllum skólastigum, og þá má hugsa sér hana sem hreina kennslubók (t.d. að nota tiltekna kafla sem lesefni fyrir nemendur, eða alla bókina sem gæti þá hentað fyrir t.d. einn áfanga á framhaldsskólastigi), eða sem þekkingaröflun fyrir kennara í undirbúningi fyrir kennslu eða til að flétta t.d. grunnþáttum menntunar í kennslu sína – hvert svo sem fag kennarans er. Bókin færir kennaranum þekkingu og hugmyndir til að endurskoða öll sín gildi og þar með ígrunda samskipti sín við nemendur – þar sem öll dulda námskráin gildir, og enginn skyldi gera lítið áhrifum hennar. Þá er bókin ekki síður frábær lesning fyrir alla sem starfa með börnum og ungmennum, hvort heldur sem er í íþróttum eða öðrum frí- eða tómstundum. Þingkonur og -menn og þau sem taka ákvarðanir ættu líka að lesa þessa bók. Foreldrar sem lesa bókina verða hæfari og ala upp heilbrigðari og betri einstaklinga. Í raun ætti allur almenningur að lesa bókina því hún fjallar um málefni sem skipta sköpum í tilveru okkar, hvort heldur við horfum til nærumhverfis okkar eða á veröldina í víðu samhengi. Þarna tekst nefnilega óvenju vel að útskýra samhengi hlutanna, hvernig margt af því ljóta og vonda í samfélagi fólks gerist. Oft eru þetta „litlu“ hlutirnir í daglega lífinu, eins og samskipti fólks, gildismat, ómeðvituð hegðun, sofandaháttur o.s.frv. Fyrir jaðarhópa (valdaminni hópa) er valdeflandi að öðlast skilning á því hvernig jaðarsetningin gerist, að átta sig á að þetta snýst ekki um að vera minna virði en næsti hópur, heldur er þetta samfélagslegt kerfi sem virkar þannig að mismunun á sér stað. Kúgun og misrétti er kerfisbundið, og viðhelst með venjum, hefðum, gildismati, ranghugmyndum, aðgerðaleyssi o.s.frv. Margar áhugaverðar sögur (úr mannkynssögunni) eru í bókinni sem bæta enn við þekkingu og skilning lesandans og gera boðskapinn enn beittari. Bókin bæði kennir gagnrýna hugsun og gefur lesandanum forsendur til gagnrýnnar hugsunar.

Hvað varðar veikleika eða galla á þessari annars dásamlegu bók, þá hefði verið gaman að hafa fleiri myndir og kannski hefði mátt leggja meira í útlit og uppsetningu til að gera hana meira aðlaðandi tæknilega, en það er algjörlega bætt upp með framúrskarandi umfjöllun um allt sem skiptir máli.

Það fer ekkert á milli mála að undirrituð er svo ánægð með þessa bók að hún treystir sér til að fullyrða að þetta sé langsamlega besta kennslubók sem hefur verið gefin út á Íslandi – og þó víðar væri leitað. Þetta er falleg, áhugaverð, gagnleg og mikilvæg bók – kannski mikilvægasta bókinn.

Ef allur almenningur les þessa bók mun hamingja og farsæld aukast, borgaravitund verður sterkari og ekki síst verður lýðræðið virkara. Ef allir kennarar, á öllum skólastigum, á Íslandi myndu lesa þessa bók og gera þekkinguna, sýnina og boðskapinn sem hún hefur að geyma að leiðarljósi í fagmennsku sinni og starfi yrði heimurinn betri.

UM HÖFUNDINN

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir (hannabjorg@bhs.is) er kennari við Borgarholtsskóla. Hanna lauk BA-prófi í félagsfræði og sögu árið 2004 og MA-prófi í kennslufræðum árið 2006 frá Háskóla Íslands og hefur auk þess diplóma í fræðslustarfi og stjórnun. Hanna Björg er áhugakona um tilgang og markmið menntunar, lýðræðislega nálgun í kennslu, eflingu borgaravitundar og gagnrýnninnar hugsunar í námi og kennslu. Hanna er upphafskona kynja- og jafnréttisfræðslu á framhaldsskólastigi og hefur haldið fjöldamörg námskeið og fyrirlestra um jafnréttisfræðslu, jafnrétti í skólastarfi og jafnréttismál almennt.